

Sp. 341. Tillaga til þingsályktunar

um endurbyggingu Ölfusárbrúarinnar o. fl.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar hefja smíði nýrrar brúar yfir Ölfusá hjá Selfossi. Skal gerð og styrkleiki brúarinnar miðast við hinar hraðvaxandi flutningaþarfir, er þar koma til greina. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að láta framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bæta úr erfiðleikum þeim, er skemmdir á Ölfusárbrúnni valda. Skal í því efni lögð sérstök áhersla á það, að gerðar séu ýtrustu tilraunir til þess að bæta svo skemmdir á brúnni, að hún geti — og það sem fyrst — orðið nothæf til flutninga, meðan á smíði hinnar nýju brúar stendur. Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmdum þeim, er tillagan fjallar um, heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði.